

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 23. janúar klukkan 16:30, Síðumúla 15.

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir (ritaði fundinn), Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Auk þessa sat fundinn Silja Ösp Jóhannsdóttir.

Dagskrá

Erindi samþykkt milli funda:

Samþykktar deildarsýningar milli funda, tvöföld sýning Terrierdeildar HRFÍ í maí 2023 og deildarsýningar Schäferdeildar. Samþykkt var tvöföld sýning í apríl 2023 með þeim fyrirvara að sýningin yrði haldin innandyra og að fundinn yrði annar dómari fyrir þann sem ekki er samþykktur dómari af FCI. Þá var samþykkt deildarsýning Schäferdeildar í ágúst ef deildarsýningin í apríl yrði einföld, að öðrum kosti er deildin beðin að finna nýja dagsetningu árið 2024. Samþykkt var deildarsýning Huskydeildar í lok sumars 2023.

Á fundi sýningastjórnar fyrir áramót var ákveðið að hámarki tvær deildarsýningar yrðu samþykktar á hverja ræktunardeild árið 2023. Er það vegna mikils fjölda af deildarsýningum ásamt því að það bætist við sýning hjá HRFÍ sýningarárið 2023, sýningar félagsins verða 6 í stað 5, en júnísýning félagsins verður tvöföld. Einnig sjást neikvæð áhrif á skráningar á sýningar félagsins í þeim tegundum sem tilheyrðu deildum með fleiri en eina deildarsýningu á árinu. Stjórn HRFÍ tekur undir þessi sjónarmið sýningastjórnar.

Fréttir frá skrifstofu

Silja Ösp verkefnastjóri félagsins fór yfir stöðu verkefna á skrifstofu.

Tæknilegir erfiðleikar voru við innheimtu félagsgjalda sem búið er að leysa úr.

Melabraut 17

Lögð voru fyrir fundinn tvö tilboð í breytingu á skrifstofurými í nýju húsnæði félagsins. Vegna tengsla við annan verktakann vék formaður af fundi á meðan stjórn kaus tilboðið sem þótti hagstæðast.

Erindi frá sýningastjórn

Sýningarstjórn óskaði eftir að NLM titillinn yrði felldur niður. Ekki er í boði að skrá titilinn í tölvukerfið og mjög kostnaðarsamt að bæta honum við. Stjórn samþykkir tillögu sýningarstjórnar að fella titilinn úr gildi.

Sýningastjórn lagði jafnframt til breytingu á stigareikning fyrir stigahæstu hunda ársins. Hingað til hefur verið lagt upp úr að telja fjölda hunda í tegund hundsins (að undanskildum hvolpum) sem sýningarstjórn telur gefa ranga mynd af keppni í tegundahóp. Samkvæmt tillögu sýningarstjórnar fer þess í stað stigagjöf fyrir sætaröðun í tegundahópi eftir fjölda tegunda sem keppa til úrslita í tegundahópnum á viðkomandi sýningu. Stjórn samþykkti tillögu sýningarstjórnar.

Önnur mál

Rætt um reglur um skráningu í ættbók og grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Hundaræktarfélagi Íslands hefur verið stefnt á nýjan leik af brottreknunum ræktendum.

Fundi slitið klukkan 18:50.

Næsti fundur áætlaður 6. febrúar 2023.